

Reglur um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum

1. Barn það sem niðurgreitt er fyrir skal hafa lögheimili í Reykjanesbæ.
2. Niðurgreiðslur miðast við dagmæður í Reykjanesbæ. Ef óskað er eftir öðru skal sækja um það skriflega.
3. Dagmóðir skal hafa tilskilin leyfi til daggæslu (í viðkomandi sveitarfélagi).
4. Barn það sem niðurgreitt er fyrir skal vera á biðlista eftir leikskólavistun, niðurgreiðsla fellur niður hafni foreldrar leikskólavistun.
5. Niðurgreiðsla hefst að loknu fæðingarorlofi eins og það er samþykkt af TR hverju sinni. Niðurgreiðsla lýkur þegar skólaganga barns hefst.
6. Einungis er greitt niður fyrir barn í 11 mánuði á ári hverju, enda sé gert ráð fyrir orlofsmánuði hjá foreldrum og dagmóður.
7. Niðurgreiðsla greiðist beint til dagmóður samkvæmt kvittun sem hún skilar inn. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er undirskrift foreldris.
8. Hámarksniðurgreiðsla til dagmóður er kr. 60.000 á mánuði

Niðurgreiðsla sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf. Heimilt er að draga upphæð, sem fengin hefur verið með slíkum hætti, frá næstu niðurgreiðslu.

Niðurgreiðslur eru eftirfarandi:

8 - 9 stunda vistun
kr. 11.000

6 - 7 stunda vistun
kr. 8.500

4 - 5 stunda vistun
kr. 6.000